

Eins og þið líklega vitið þá þurfti stjórn Fjár-og Hjarðhundadeildar að afboða ársfund deildarinnar sem boðaður var 23.03 síðastliðinn vegna þess að stjórnin var óupplýst um reglubreytingu sem nýlega hafði tekið gildi er varðar kosningu á tengiliðum.

Við höfum nokkrar spurningar varðandi þessar reglubreytingar sem okkur langar til þess að byðja um svör við áður en við getum boðað til nýs ársfundar og kosið um tengiliði.

Í grein II.3 í starfsreglum ræktunardeilda segir:

*Heimilt er að stofna safndeild um fleiri en eitt hundakyn. Til safndeildar teljast hundakyn sem ekki tilheyra sérdeildum eða hópdeildum. Í safndeild skulu valdir tengiliðir fyrir hvert hundakyn, þegar fjöldi slíkra hunda eru a.m.k. 5 í safndeildinni. Tengiliðir skulu hafa verið félagsmenn í HRFÍ í a.m.k. tvö ár, vera skráðir eigendur hunds af viðkomandi hundakyni og hafa á því góða þekkingu. Tengiliðir skulu kjörnir á ársfundi safndeildar. Eingöngu félagsmenn, skráðir eigendur hunda af viðkomandi hundakyni taka þátt í kjöri tengiliðar viðkomandi hundakyns. Gefi enginn kost á sér sem tengiliður hundakyns skal stjórn ræktunardeildar skipa tengilið á fyrsta fundi Mars 2018 sínum eftir ársfund. Tengiliðir miðla upplýsingum um kynið og eru stjórn deildarinnar til aðstoðar eftir því sem við á hverju sinni. Stjórn safndeildar getur sett tengiliðum deildarinnar sérstakar starfsreglur*

Það sem okkur er óljóst er eftirfarandi:

1. Fram að þessu hefur tengiliður verið skipaður af stjórn deildarinnar, og þar af leiðandi unnið undir stjórninni sem trúnaðarmaður hennar og eftir þeim reglum sem deildin hefur sett. Þegar tengiliður er núna kosinn af félagsmönnum, er hann þá ennþá trúnaðarmaður stjórnar og vinnur hann undir stjórninni eða er hann algjörlega sjálfstæður?
2. Það er ekki tekið fram í nýju reglum félagsins hvort kjósa beri tengilið hverrar tegundar fyrir sig á hverju ári, einungis að tengiliðir skuli kjörnir á aðalfundi. Meigum við setja okkar egin reglur hvað þetta varðar?

Okkur finnst einstaklega óhenntugt að kjósa tengilið til eins árs, af tveimur ástæðum. Fyrir það fyrsta er eitt starfsár óskaplega stuttur tími, eðlilegt er að fólk þurfi smá tíma til að koma sér inn í starfið og verklagið og þess vegna er óhenntugt að skipta jafnvel á árs fresti. Í öðru lagi vegna þess að í okkar deild eru eins og staðan er í dag tíu tegundir og finnst okkur það hljóma afskaplega langur dagskrárliður á hverjum ársfundi að kjósa jafnvel um tíu tengiliði.

Eðlilegra þætti okkur að geta skipt þessu upp, kosið tengilið hverrar tegundar til t.d þriggja ára í senn og kjósa þá eingöngu um 3-4 tengiliði á hverjum ársfundi, í stað tíu.

Þessu væri t.d hægt að koma af stað með því að kjósa um alla tengiliði á ársundi þessa árs, en kjósa einhverja til þriggja ára, aðra til tveggja og enn aðra bara til eins árs. Þegar síðan verður kosið aftur á næsta ári og þar næsta verði kosið til þriggja ára og þá ætti þetta að vera farið að rúlla eðlilega.

3. Reglugerðin segir að eingöngu félagsmenn, skráðir eigendur hunda af viðkomandi hundakyni taki þátt í kjöri tengiliðar viðkomandi hundakyns.

Hvað þurfa að standa margir kjósendur á bak við hverja kosningu svo að að kosning sé gild? Þar hljóta að vera einhver lágmark.

Er nóg að tveir eigendur úr tegund mæti á fund, annar bjóði sig fram og hinn kjósi til þess að kosningin sé lögleg?

4. Í reglugerðinni stendur að velja skuli tengilið fyrir hvert hundakyn fyrir sig, þegar fjöldi slíkra hunda eru a.m.k. 5 í safndeildinni.

Varðandi þær tegundir sem hafa færri en 5 hunda í deildinni, má stjórn þá skipa tengilið þeirrar tegndar eða er ætlast til þess að enginn starfandi tengiliður sé til staðar. Okkur finnst mjög mikilvægt að hafa tengilið í öllum tegundum sem hægt er að vísa til, jafnve þótt hundarnir séu fáir.

Í kjölfarið langar okkur til þess að gera smá athugasemd við framkvæmd reglubreytingarinnar.

Hefði ekki verið rétt að kynna reglubreytinguna betur fyrir stjórnnum þeirra deilda sem þar falla undir. Safndeildir í félaginu eru mjög fáar og það hefði því átt að vera einfalt verk. Okkur finnst að kynning á breytingunni hefði mátt vera formlegri en umræða á fulltrúaráðsfundi, því eins og fram kemur hér að ofan eru nokkrir hlutir sem eru óljósir.

Ef talað hefði verið við stjórnir deildanna hefði líka verið hægt að hlusta á tillögur frá þeim um t.d framkvæmd kosninga áður en að reglan er sett fram.

Eins finnst okkur mjög undarlegt að reglubreytingin sé sett inn og látin taka gildi á miðju tímabili. Okkur hefði þótt eðlilegra að stjórn HRFI hefði kynnt þessa breytingu á aðalfundi og reglan síðan tekið gildi 1. janúar þar á eftir.

Það er sérkennilegt að láta reglu sem þessa taka gildi 1. mars sem er mitt í þeim tímaramma sem deildum er gefinn til þess að halda sína ársfundi, þá geta einhverjar deildir fundað án þess að reglan sé dottin inn á meðan aðrar deildir lenda í reglubreytingunni.

Virðingarfyllst,

Guðríður Eva Þórarinsdóttir